



1. fundur aðalstjórnar haldinn heima hjá Öddu 01.29.2010 kl.20.00.

Mættir: Davíð, Bylgja, Adda og Mekkin. Björgvin boðaði forföll.

Dagskrá fundar:

Fundarefni:

1. Fimleikadeild óskaði eftir láni til 6 mánaða. Lánsupphæð er 500 þúsund. Lánið er samþykkt og ákveðið að vextir af láninu sé 2,5% af heildarupphæð fyrir 6 mánuði.
2. Staða körfuboltans rædd og Davíð sagði frá stöðunni ásamt öllum þeim upptakomum.
3. Samningur við Fljótshálfshérað var ræddur. Davíð skrifaði undir samninginn og var rætt um innihald samnings.
4. Samþykkt var að úthluta 150 þúsund krónum til þeirra 2 deilda sem eru fyrirmyndadeildir. En inn í samningi við Fljótshálfshérað er kveðið um að reynt sé að allar deildir Hattar verði fyrirmyndadeildir fyrir landsmót. Þær deildir sem fá úthlutun eru Fótboltadeild og Fimleikadeild.
5. Rætt var um nýjan skipan aðalstjórnar á næsta aðalfundi. Þar voru hugmyndir ræddar um að aðalstjórn sé skipuð af formönnum deildum ásamt formanni og hugsanlega fleiri aðilum. Þarf að skoða hvernig valdahlutföll verða í nýrri stjórn og hugsa hvernig stjórn væri sett saman. Til frekari umræðu síðar.
6. Ársreikningar voru ræddir og ákveðið að samstæðu uppgjör verði gert fyrir árið 2009 þar sem allar deildir verða. Þetta þýðir að allar deildir þurfa að skila ársreikningi fyrir aðalfund. Davíð mun senda póst um mikilvægi þess að deildir geri þetta í tíma.
7. Einnig var ákveðið að skoða valkosti er varðar heimasíðu Hattar. Davíð og Mekkin að skoða aðra kosti og kostnað sem tilheyrir uppsetningu heimasíðu.

Fundi slitið kl 21:00

Sign.